

Aðalskipulag Snæfellsbæjar, Ólafsvík. 1:10.000

Skipulagsskilmálar fyrir iðnaðarsvæði í Ólafsvík.

Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar, Ólafsvík er gert ráð fyrir iðnaðarsvæði austast í bænum. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir að núverandi aðkoma RARIK þjóni iðnaðarlóðum. Gerð er tillaga að lóðarmörkum lóða RARIK og Vegagerðarinnar. Þá er nú gert ráð fyrir yfir 15.000 fermetra iðnaðarlóð vestast á svæðinu og er fyrirhugað að reisa fiskverkun á henni. Milli RARIK og Vegagerðarinnar er 3.000 fermetra lóð og sunnan hins nýja aðkomuvegar eru tvær lóðir rúmir 1.900 fermetrar hvor.


Húsin tengjast vatnsveitu Ólafsvíkur. Vatn skal uppfylla ákvæði neysluvatns-reglugerðar nr. 536 frá 2001. Húsin verða tengd fráveitu Ólafsvíkur. Vatnstökustaður fyrir slökkvilið verður úr brunahana, en Snæfellsbær vinnur nú að 110 mm vatnslögn og á henni verður brunahani. Ekki er kunnugt um forminjar á svæðinu. Komi annað í ljós skal framfylgja 10. og 13. gr. Þjóðminjalaga sem samþykkt voru á Alþingi hinn 20.05.2001.

Byggingarskilmálar.

Á lóðinni að Ólafsbraut 80 er gert ráð fyrir allt að 4.000 fermetra gólfleti brúttó. Hús verði á einni hæð, nema skrifstofuhluti og starsfsmannarými mega vera á tveimur hæðum. Húsið verði samsíða hæðarlínum og mænisstefna því þvert á þök minni húsa á svæðinu. Húsið verði fellt inn í landi að ofanverðu. Ofan við húsið verði gerð jarðvegsmön og neðan húss verði mön og / eða trjágróður. Á öðrum lóðum má gera ráð fyrir að nýtingarhlutfall verði allt að 0.8 og gera má ráð fyrir tveggja hæða húsum. Taka skal mið af húsum Vegagerðar og RARIK varðandi þakhalla og mænisstefnu ef ný hús verða með mænisþaki, en einnig má hafa hús með lítt hallandi þökum.

Á öllum lóðum verði hæsta leyfilega hæð við útbrún langveggja 6 m og hæsti punktur þaks verði ekki hærrí en 9 m yfir aðalgólfi. Varðandi þakhæðir er miðað við hæð undir ystu klæðningu.

Gerð verði afstöðumynd þegar fyrirhugað er að byggja. Þar verði gerð grein fyrir staðsetningu bygginga innan byggingarreits, bílastæðum og gróðri. Gera skal ráð fyrir 1 bílastæði fyrir 50 fermetra gólflet í húsi.



Deiliskipulag þetta er unnið á uppréttan loftmyndagrunni frá Ísgraf ehf og Loftmyndum ehf.

Deiliskipulag þetta, sem fengið hefur meðferð skv. lögum nr. 73/1997 var samþykkt í bæjarstjórn Snæfellsbæjar hinn 08.09.2005.

Hillegunn Haraldsdóttir



Deiliskipulag iðnaðarsvæðis við Innra Klif í Ólafsvík Mælikvarði 1 : 2.000 og 1 : 10.000

HÚS OG SKIPULAG ehf, BOLHOLTÍ 8, 105 REYKJAVÍK, Sími 511 1099, husogskipulag@islandia.is
Hillegunnur Haraldsdóttir F.A.Í. kt.080654-4219
Br. 06.06.05. vegna athugasemda. Skipulagsstofnunar.
Dags. 17.01.2005.

Hillegunn Haraldsdóttir